

um framhaldsnám á Höfn og samræmt skólahlald á Austurlandi.

Flm.: Þorbjörg Arnórsdóttir, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að mótuð verði stefna um fjölþætt framhaldsnám á Höfn í Hornafirði og verði það liður í samræmdum framhaldsskóla á Austurlandi.

Til að undirbúa samræmt framhaldsskólahlald í fjórðungnum frekar en orðið er verði sett á fót samstarfsnefnd þeirra skóla þar sem framhaldsnám er til staðar eða fyrirhugað.

Greinargerð.

Framhaldsnám fer nú í vetur fram í sjö skólum á Austurlandi, þ. e. við grunnskólann á Egilsstöðum, á Alþýðuskólanum á Eiðum, í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað, í gagnfræðaskólanum í Neskaupstað, við Iðnskóla Austurlands í Neskaupstað, við grunnskólann á Seyðisfirði og við grunnskólann á Höfn. Nám í þessum skólum spannar fyrstu annir svonefnds bóklegs náms auk iðnnáms, hússtjórnarnáms og stýrimannanáms (Höfn).

Framhaldsnám við gagnfræðaskólanu í Neskaupstað hefur s. l. tvö ár verið skipulagt eftir áfangakerfi þriggja fjölbrautaskóla suðvestanlands.* Á Alþýðuskólanum á Eiðum og við framhaldsdeild grunnskólans á Seyðisfirði hefur einnig verið starfað eftir þessu kerfi s. l. skólaár. Þessir þrjú skólar hafa nú með sér samvinnu. Skólastjórar þeirra og kennarar hafa komið saman til samstarfs. Iðnnám á Höfn hefur verið rekið í samstarfi við Iðnskóla Austurlands.

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um menntaskóla á Egilsstöðum og Iðnskóla Austurlands í Neskaupstað kom út á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1973 greinargerð um framhaldsnám á Austurlandi. Þar er gert ráð fyrir að framhaldsnám fari fram á nokkrum stöðum í fjórðungnum og milli þeirra verði ákveðin verkaskipting: Við menntaskólann á Egilsstöðum yrði þannig hægt að stunda nám í ýmsum námsbrautum í allt að 4 ár og ljúka þaðan stúdentsprófi. Í Neskaupstað verði miðstöð verklegs náms með skólaverkstæði svo og bóklegt nám á vissum brautum. Þá er þar einnig gert ráð fyrir framhaldsnámi á Höfn í framtíðinni og bent á að móta þurfi stefnu um hlutverk Alþýðuskólans á Eiðum með tilliti til framhaldsskólastigsins. Í þessari greinargerð er líka bent á, að vissir þættir framhaldsnáms og starfsþjálfun geti farið fram utan þessara skólasetra, og þar m. a. bent á möguleika verkþjálfunar í hússtjórnarfræðum á Hallormsstað og búfræði við Tilraunastöðina á Skriðuklaustri.

Austurland hefur dregist aftur úr í þróun framhaldsnáms í landinu.** Erfiðar samgöngur, fólksfæð og dreifð byggð hefur ásamt öðru átt þar hlut að máli. Því er umbóta þörf.

Æskilegt er að samræma allt framhaldsnám á Austurlandi, skipuleggja það sem eina heild og tryggja samstarf þeirra er það annast.

Í því sambandi má hugsa sér, að stofnaður yrði fjölbrautaskóli Austurlands í líkingu við þær hugmyndir og tillögur sem fyrir liggja varðandi framhaldsnám á Vesturlandi. Undir hann félli menntaskólinn á Egilsstöðum og það framhaldsnám, sem nú er í fjórðungnum, þ. e. á Höfn, í Neskaupstað (báðir skólar), á Seyðisfirði og í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Verði stofnað til framhaldsnáms annars staðar á svæðinu falli það einnig undir skólann.

* Keflavík, Hafnarfjörður, Akranes.

** Sjá samantekt um nemendafjölda í framhaldsnámi í Hagtiðindum.

Tilgangurinn með stofnun eins skóla í fjórðungnum með aðsetri á mörgum stöðum væri sá að tryggja nemendum sem besta menntun í heimabyggð, þar sem þess er kostur, og eðlilegt framhald þar eða annars staðar. Varðandi framhaldsskólastigið er ekki síður mikilvægt en í grunnskóla að tryggja samþættingu verklegrar og huglægrar þjálfunar. Á öllum námssviðum fer nú fram bóklegt nám. Eins ættu allir nemendur, á hvaða braut sem er, að fá einhverja verklega þjálfun.

Fjölbrautaskóli Austurlands sem heild mundi spanna sem flest námssvið er í boði eru á framhaldsskólastigi í landinu, svo sem búfræðisvið, heilbrigðisvið, samfélagssvið, tæknisvið og viðskiptasvið. Á hverjum stað væri boðið upp á nám á þessum sviðum eftir því sem nemendafjöldi, kennslukraftar og aðrar aðstæður leyfðu. Nám fullorðinna, hvort sem er í öldungadeildinni eða á námskeiðum, yrði einnig hluti af starfi skólans.

Samstarf skólanna gæti m. a. falist í samræmdu kerfi (anna-, áfanga- og einingakerfi). Framkvæmd þessa samstarfs væri þrenns konar til að byrja með. Í fyrsta lagi skipuðu skólastjórar þeirra skóla, sem hafa framhaldsnám, stjórnunarnefnd, þ. e. þá samstarfsnefnd sem vikið er að í tillögunni. Verkefni hennar væri að sjá um samræmingu þess námsefnis sem í boði yrði hverju sinni á vegum skólans, samræma stjórnun og samþykkja árlega áætlun um starfsemi hans.

Athuga þyrfti um áfangastjóra, er sjái um námsstjórn fyrir skólann, og að komið yrði á fót sameiginlegu deildarstjórakerfi, en í því felst að kennarar úr skólunum skipti með sér fagstjórn í hinum ýmsu námsgreinum og samræmi náms-efni og námskröfur.

Rekstur skólans færi eftir lögum um kostnað vegna framhaldsnáms. Sameiginlegur hlutur heimaaðila skiptist þá milli þeirra sveitarfélaga, sem aðild ættu að skólanum.

Við þróun framhaldsnáms í hinum dreifðu byggðum landsins er mjög mikilvægt að nemendum sé tryggt nám sem er sambærilegt að gæðum og fjölbreytni við það nám sem fram fer í stórum skólum í þéttbýli. Til þess að það sé unnt verður að stofna til samstarfs og samþættingar svo sem kostur er og nýta til hins ýtrasta þá möguleika sem fyrir hendi eru. Jafnframt þarf að taka mið af því meginsjónarmiði að miða skólahald við þarfir íbúa og atvinnulífs viðkomandi svæðis og tryggja þar með eðlilega þróun og uppbyggingu.

En meginhlutverk framhaldsskóla er þó að auka víðsýni nemenda og dómgreind jafnframt því sem hann býr þá undir margvísleg störf í þjóðfélaginu, bæði í atvinnulífi og persónulegu lífi.